

**Nd.**

**322. Nefndarálit**

**[125. mál]**

um frv. til laga um heimild til að selja jörðina Utanverðunes í Rípurhreppi í Skagafjarðarsýslu.

Frá minni hl. landbúnaðarnefndar.

Nefndin hefur ekki orðið sammála um afgreiðslu frumvarpsins, og hef ég ekki getað fallizt á þá ákvörðun meiri hlutans að mæla með samþykkt þess.

Mín tillaga er sú, að frumvarpið verði fellt.

Ástæður þær, er til þess liggja, að ég get ekki á frumvarpið fallizt, eru þessar: Utanverðunes er kristfjárjörð. Þess háttar eignarhald er strangt til tekið óriftanlegt. Það er til komið sem gjöf til fátækraframfæris og harðar skorður reistar við því, að jörðin geti gengið kaupum og sölum.

Því er raunar ekki að neita, að oft getur verið miklum erfiðleikum bundið á okkar tímum að halda stranglega reglum þeim, er um kristfjárjarðir gilda, og eru þess dæmi, að Alþingi hafi með sérstökum lögum heimilað sölu slíkra jarða, ef salan hefur þótt skipta sköpum um það, hvort slík jörð héldist í byggð eða ekki.

Að því er sölu Utanverðunes varðar, virðist gegna allt öðru máli.

Í fyrsta lagi gerir frumvarpið ráð fyrir, að eigninni verði skipt og hún seld í tveim pörtum. Engin réttlætning er tilfærð fyrir skiptingunni, og ekki verður séð, að slík skipting auki notagildi eignarinnar.

Í öðru lagi gerir frumvarpið ráð fyrir, að núverandi ábúandi annars jarðarhlutans verði kaupandi hans, en söluheimildin á hinum hluta eignarinnar er skv. frumvarpinu ekki stíluð á neinn sérstakan kaupanda. Það virðist fráleitt og allt of fjarlægt skilyrðum gefenda, að eigninni sé þannig tvístrað í veður og vind.

Í þriðja lagi gerir hreppsnefndin í Rípurhreppi grein fyrir því, að sú sala, sem frumvarpið gerir ráð fyrir, muni ekki tryggja neina ábúð á jörðinni, enda hafi hinn væntanlegi kaupandi engan teljandi búrekstur á jörðinni, eigi auk þess aðra nýhýsta jörð í sama hreppi og nytji hana einnig lítið. Varar hreppsnefndin við því að láta jörðina lenda í braski.

Að öllu þessu athuguðu teldi ég samþykkt frumvarpsins misráðna.

Alþingi, 26. febr. 1963.

Karl Guðjónsson.

### Fylgiskjal.

Útdráttur úr fundargerð hreppsnefndar Rípurhrepps 29. jan. 1963 ásamt skýringum á afstöðu meiri hl. hreppsnefndar.

Ár 1963, hinn 29. dag janúarmán., kom hreppsnefnd Rípurhrepps saman að Eyhildarholti að boði oddvita. Allir nefndarmenn voru mættir.

Gerðir fundarins voru þessar:

2. Oddviti lagði fram samrit af frumvarpi um heimild til sölu á kristfjórjörðinni Utanverðunesi, sem Gunnar Gíslason alþm. flytur á yfirstandandi Alþingi, ásamt með samriti af bréfi, er stjórn Utanverðuneslegats skrifaði flutningsmanni.

Allmiklar umræður urðu um málið, en síðan samþykkt með öllum atkv. svofelld tillaga:

„Hreppsnefnd Rípurhrepps mælir fyrir sitt leyti með því, að frumv. til laga um heimild til sölu á kristfjórjörðinni Utanverðunesi í Rípurhreppi verði samþykkt, en telur eðlilegt, að salan sé ekki bundin við núverandi leigutaka.“

Flaira ekki fyrir tekið. Fundargerð upplesin og samþykkt. Fundi slitið.

Árni Gíslason. Þórarinn Jónasson. Sigurður Jónsson.  
Þórður Þórarinsson. Jónas Hróbjartsson.

Til skýringar þeirri viljayfirlýsingu hreppsnefndar, að heimild til sölu á Utanverðunesi, ef samþykkt verður, sé ekki bundin við núverandi ábúanda, skal þetta tekið fram:

Hreppsnefnd er ekki andvíg því, að heimiluð sé sala á jörðinni. Hins vegar telur meiri hluti nefndarinnar hverfandi litlar líkur til þess, að tryggð mundi framtíðarábúð á Utanverðunesi, ef núverandi ábúandi, er síðastl. tvö ár hefur dvalið að mestu á Sauðárkróki og eigi haft teljandi búrekstur á jörðinni — aðeins nokkrar kindur —, fengi eignarhald á henni. Má í því sambandi geta þess, að ábúandinn á Utanverðunesi á jörðina Hróarsdal I í sama hreppi, ásamt með gólfhæð í stóru íbúðarhúsi þar, steinsteyptu, fárra ára gömlu, en nytjar þá jörð lítt.

Það er að sjálfsgöðu þessu litla sveitarfélagi mikið hagsmunamál, að Utanverðunes, sem er hlunnindajörð, ágætlega í sveit sett, hefur til að bera mikil og hagstæð skilyrði til ræktunar og beitiland víðlent og gott, komist í tryggja og örugga ábúð, en lendi ekki í braski. Því væri mjög æskilegt, að sveitarstjórn gæti haft nokkra hönd í bagga um kaupanda, ef til sölu á jörðinni skyldi koma.

F. h. meiri hl. hreppsn. Rípurhr.

Árni Gíslason,  
oddviti Rípurhrepps.

Til landbúnaðarnefndar neðri deildar Alþingis.